

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**2. fundur 2018 (77. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 23.02.2018 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi

Sigurður Thoroddsen boðaði forföll.

**1. Deiliskipulag Háaleitishlaðs- húsakönnun**

Lögð voru fram drög að skýrslu um húsakönnun á Háaleitishlaði í samræmi við samþykkt þar að lútandi sem gerð var á síðasta fundi skipulagsnefndarinnar. Skýrslan var unnin af Helga Biering þjóðfræðingi í febrúar 2018. Skýrslan hefur verið send Minjastofnun Íslands til samþykktar og verður væntanlega afgreidd þaðan í næstu viku.

Skipulagsfulltrúa var falið að fenginni samþykkt Minjastofnunar að senda skýrsluna til Skipulagsstofnunar sem ítargagn með deiliskipulagi Háaleitishlaðs.

**2. Erindi vegna sameiningar Sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðis**

Lagt var fram erindi Róberts Ragnarssonar verkefnisstjóra, dags. 26.01.2018, þar sem upplýst var að Sveitarfélagið Garður og Sandgerðisbær muni sameinast í eitt sveitarfélag að afloknun sveitarstjórnarkosningum sem fram munu fara þann 26. maí 2018. Sameiningin tekur gildi 15 dögum eftir kjördag.

Formaður skipulagsnefndarinnar hefur kynnt samgönguráðuneytinu erindið, en sameiningin mun hafa áhrif á fjölda fulltrúa í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar sem tilnefndir eru af sveitarfélögunum. Í lögum nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. segir m.a. í 8. gr. að ráðherra skipi sex manns í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. Þrír skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarfélaganna Garðs, Reykjanesbæjar og Sandgerðis. Ljóst er að sameining áðurnefndra sveitarfélaga leiðir til þess að breyta þarf þessu lagaákvæði.

Skipulagsfulltrúa var falið að kynna samgönguráðuneytinu og hlutaðeigandi sveitarfélögum bókun þessa.

- 3. Erindi svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja vegna breytinga á svæðisskipulagi**  
Lagt var fram erindi svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja, dags. 31.01.2018, þar sem kynntar eru breytingar á svæðisskipulaginu er snúa að afmörkun vatnsverndarsvæðis í Reykjanesbæ og nýju flugbrautakerfi Keflavíkurflugvallar. Markmið breytingatillagnanna er er annars vegar að breyta afmörkun vatnsverndarsvæðis í samræmi við þörf og hins vegar að uppfæra gögn um flugbrautakerfi Keflavíkurflugvallar í samræmi við nýsamþykkt aðalskipulag flugvallarins. Meðfylgjandi gögn eru verkefnislýsing og kostnaðar- og tímaáætlun. Þess er farið á leit við skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar að hún veiti samþykki sitt fyrir kynningu á lýsingu verkefnisins.

Skipulagsnefndin samþykkti þátttöku í verkefninu og Isavia hefur tryggt fjármögnun þess. Skipulagsfulltrúa var falið að kynna svæðisskipulagsnefndinni bókun þessa.

- 4. Málþing um íbúápróun sem svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja stóð fyrir**  
Lögð voru fram gögn frá málþingi um íbúápróun á Suðurnesjum sem haldið var 9. febrúar 2018. Erindin voru eftirfarandi:

- Stefán Gunnar Thors: Staða íbúða- og lóðaframboðs.
- Magnea Þ. Guðmundsdóttir: Um þróun og vöxt borga.
- Huginn Freyr Þorsteinsson: Vaxtaverkir á Suðurnesjum. Hvert stefnum við?
- Sævar Kristinsson: Flugvallatengd byggð. Aerotropolis og sviðsmyndir.

Ennfremur var lagt fram minnisblað eftir málþingið.

**5. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 23. mars 2018.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)